

**Sþ.**

**100. Nefndarálit**

**[13. mál]**

um till. til þál. um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Efni hennar er áskorun á ríkisstjórnina um að vanda um við Seðlabanka Íslands fyrir, að hann geri ekki skyldu sína samkv. ákvæðum laga frá 24. marz 1961 um hæfilegt framboð lánsfjár til atvinnuveganna.

Það hefur komið fram við umræður um málið, að útlánaaukning bankakerfisins frá því í sept. 1965 til sept. 1966 nemur 1716 millj. kr., en innlánaaukning á sama tíma 1245 millj. kr., og hefur útlánaaukningin því verið 471 millj. kr. umfram innlánaaukningu.

Í greinargerð með tillögunni er látið að því liggja, að hið svokallaða „frysta fé“ Seðlabankans liggja þar ónotað af óskiljanlegum eða annarlegum ástæðum. Það hefur hins vegar verið upplýst, að fjármagn Seðlabankans liggur allt annars vegar í gjaldeyrisvarasjóðnum og hins vegar í endurkeyptum víxlum atvinnuveganna. Hin svokallaða „frysting“ er því, eins og nú háttar, í því fólgin, að ráðstöfunarréttur á nokkrum hluta innlánaaukningarinnar er tekinn af viðskiptabönkum og sparisjóðum og varið annars vegar til þess að greiða gjaldeyrisvarasjóðinn og hins vegar til endurkaupa á framleiðsluvíxlum. Hið sanna í málinu er því það, að hér er um að ræða hagstjórnartæki og þjónustu, sem fyrst og fremst er miðuð við þarfir atvinnuveganna. Ásökun flutningsmanna tillögunnar í garð stjórnar Seðlabankans er því í fyllsta máta óréttmæt. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að till. verði afgreidd með svo hljóðandi

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ :**

Með því að ásakanir þær á stjórn Seðlabankans, sem í till. felast, eru óréttmætar og leiðir þær, sem að er vikið í greinargerð um lausn vandans, óraunhæfar og frekar til þess fallnar að auka vanda atvinnuveganna en leysa, þá ályktar Alþingi að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. nóv. 1966.

Sigurður Ingimundarson,  
form., frsm.

Matthías Bjarnason,  
fundaskr.

Pétur Sigurðsson.

Axel Jónsson.